

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2005 2005110462

### Umsögn um 37. mál, ferðakostaðar.

Með bréfi dags. 14. nóv 2002 veitti ríkisskattstjóri umsögn um mál sama efnis sem þá lá fyrir Alþingi. Fer hún hér á eftir og er ekki neinu við hana að bæta að þessu sinni.

"Með bréfi dags. 6. nóvember 2002 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, 26. mál, ferðakostaður.

Með frumvarpinu er lagt til að í tekjuskattslögin komi ákvæði er heimili að útgjöld vegna ferðakostaðar til og frá vinnu umfram 120.000 kr. á ári og allt að 400.000 kr. á ári verði frádráttarbær frá tekjuskattsstofni. Tillaga þessi er sögð sanngirnismál og markmið með henni að koma á móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað. Þá er frumvarpið talið samrýmast þeirri stefnu sem verið hefur uppi í byggðarmálum og sé fallin til stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Þá er þess getið í greinagerðinni að í Noregi gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu.

Með þeim breytingum sem gerðar voru á tekjuskattslögunum í tengslum við upptöku á staðgreiðslu skatta var felldur niður frádráttur vegna ferðakostaðar milli heimilis og vinnustaðar. Var sú breyting gerð bæði með hliðsjón af því að slík regla er fallin til þess að flækja skattframkvæmd bæði í staðgreiðslu og við álagningu og af þeirri ástæðu að efnisleg rök fyrir henni eru ekki mikil. Bæði þessi sjónarmið eiga fullan rétt á sér í dag.

Áhrif frádráttar af þessum toga yrðu tvímælalaust neikvæð fyrir skattframkvæmd. Eigi að taka tillit til þessa frádráttar í staðgreiðslu þarf launagreiðandi að leggja mat á rétt til frádráttar sem skattfyrirvöld eiga síðasta orð um í stað þess að fylgja einföldum reglum um skatthlutfall og persónufrádrátt eins og nú er. Má gera ráð fyrir að það leiði til bæði árekstra og ónákvæmni. Við álagningu munu og koma upp fjöldamörg vafaatriði sem leiða munu til aukinnar vinnu og fleiri tilefna til ágreinings, fjölgunar á kærumálum o.s.frv.

Meginregla við skattlagningu einstaklinga er að kostnaður sem hlýst af því að stunda atvinnu kemur ekki til frádráttar skattskyldum tekjum. Á það jafnt við um kaup á vinnuklæðnaði, ferðir til og frá vinnu og öflun og viðhald starfsþekkingar. Verður það varla til að auka á sanngirni að taka eitt atriði af þessu og leyfa frádrátt vegna þess. Þá er einnig á það að líta að búseta fjarri vinnustað með tilheyrandi ferðakostaði er oft valkostur sem

tekinn er fram yfir dýrari búsetu nærri vinnustað með lágum ferðakostnaði. Heimild til frádráttar vegna annars kostnaðaraukans en ekki hins er því varla til að auka jafnræði.


Í greinagerðinni kemur fram sá misskilningur að útlagður kostnaður sem endurgreiddur er í formi ökutækjastyrkja fáist dreginn frá skattskyldum tekjum. Svo er ekki. Tilvitnað ákvæði í 1. tl. a l. í 30. gr. laganna tekur ekki til ökutækjastyrkjar af því leyti sem hann kann að vera vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar.

Samkvæmt frumvarpinu yrði kostnaður við ferð til og frá vinnu umfram 120.000 kr. og allt að 400.000 kr. á ári frádráttarbær. Miðað við gildandi reglur um mat á ferðakostnaði er það 2.400 til 8.000 km. akstur á ári. Svarar lágmarkið til um 10 km aksturs á dag eða þess að búseta sé 5 km frá vinnustað. Er því augljóst að regla þessi tæki til meirihluta þeirra sem sækja vinnu á eigin bifreið á höfuðborgarsvæðinu en hefði lítil áhrif utan þess. Miðað við fargjöld með langferðabifreiðum svarar reglan til þess að veittur yrði frádráttur vegna búsetu í u.þ.b. 50 km fjarlægð frá vinnustað eða meira. Hefur regla þessi því óverulega þýðingu fyrir þá sem ferðast ekki með eigin bifreið til vinnu.

Hvað kostnaður varðar er ekki unnt að leggja á hann mat nema að undangenginni frekari athugun. Til viðmiðunar má þó benda á að sé gert ráð fyrir því að 50.000 starfsmenn aki á eigin bifreið til vinnu, sem er í meira en 5 km fjarlægð frá heimili þeirra og að meðaltali í 10 km fjarlægð, yrði lækkun útsvars um 720 milljónir kr. og lækkun tekjuskatts um 1 1/2 milljarður króna eða samtals rúmlega 2 milljarðar króna.

Ljóst er því að tillögur þessar ná á engan hátt þeim tilgangi sem þeim er ætlað að þjóna og gagnast ekki þeim sem ætlað er að þær nái til. Þær eru ennfremur andstæðar reglum góðrar skattlagningar og myndu reynast erfjðari í framkvæmd. Þá mundu þær leiða af sér verulegt tekjutaps ríkis- og sveitarfélaga án þess að hafa tilgang eða áhrif sem gæti réttlætt slíkt. Ríkisskattstjóri leggur því til að frumvarpi þessu verði hafnað."

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson  
ríkisskattstjóri